



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn fréttastofu RÚV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum. 783. mál á 149. löggjafarþingi.**

Fréttastofa RÚV, líkt og aðrir fréttamiðlar landsins, gegnir því lykilhlutverki að upplýsa almenning, stuðla að gegnsæi í stjórnslu og réttarfari og veita valdhöfum aðhald. Vönduð umfjöllun um dómsmál er grundvallarþáttur í upplýstu lýðræðissamfélagi. Opin málsmeðferð dómstóla á að tryggja að hægt sé að fylgjast með því að allir njóti réttlátrar málsmeðferðar og að jafnræði sé í málsmeðferð þeirra sem þangað leita. Umfjöllun fjölmiðla veitir dómstólum aðhald sem fellur að þessum markmiðum.

Efstaleiti 1  
150 Reykjavík

Í frumvarpinu er lagt til að samtímaendursögn af skýrslutökum verði óheimil. Verði það að lögum skerðir það möguleika fjölmiðla til að flytja fréttir af framgangi dómsmála en fréttastofa RÚV varar eindregið við frekari tálmunum á aðgangi fjölmiðla að dómshúsum. Aðgang og aðstöðu fjölmiðla í dómshúsum þarf þvert á móti að auka og bæta til að gera þeim betur kleift að rækja grundvallarlýðræðishlutverk sitt.

Í 8. grein laga um meðferð einkamála segir að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði og það er sú meginregla sem löggjafinn og dómstólar ættu að ganga út frá. Meira en áratugur er liðinn frá því að fjölmiðlar, einkum vefmiðlar, hófu að segja frá dómsmálum beint úr dómssal, á grundvelli þessarar meginreglu. Dómarar hafa ekki látið í ljós þá skoðun sína opinberlega að þetta fyrirkomulag hafi stefnt réttaröryggi í hættu. Samkvæmt núgildandi lögum getur dómari lagt á fréttabann meðan á skýrslutöku eða þinghaldi stendur. Nokkur nýleg dæmi eru um þetta. Það eru því nú þegar til staðar úrræði fyrir dómara til að koma í veg fyrir að vitni sem koma fyrir dóm geti áður lesið um vitnisburð annarra í sama máli. Ekki er vitað til þess að upp hafi komið annmarkar á því fyrirkomulagi. Fréttastofa RÚV hefur sett sér skýr viðmið um hvemig staðið skuli að umfjöllun um dómsmál og hefur átt gott samstarf við dómstóla og starfsfólk þeirra. Virtar hafa verið þær reglur sem gilt hafa í dómshúsum. Umrædd breyting er því ekki aðeins óhófleg heldur beinlínis óþörf.

+354 515 3000  
sími

600307-0450  
kt.

Ef bannað verður með lögum að birta samtímaendursögn af skýrslutökum fyrir dómstólum er Alþingi að takmarka fjölmiðlafrelsi í landinu. Með því að gera að meginreglu að ekki megi segja frá því sem fram kemur í dómstólum fyrr en eftir á er verið að færa til mörk frá því sem nú er. Fjölmiðlar hafa í nokkrum dómsmálum á síðustu árum sagt fréttir beint úr réttarhöldum, svo sem í Landsdómsmálinu og í stórum málum sem rekin voru vegna brota í aðdraganda efnahagshrunsins. Þetta hefur hvort tveggja verið gert með því að birta fréttir jafnóðum eða með textalýsingum sem uppfærast



eftir því sem efni standa til. Fjölmiðlum er treystandi til að meta hvenær þörf er á slíkum fréttaf lutningi.

2 / 2

Núgildandi lög setja fjölmiðlum nú þegar miklar skorður og með því að bæta við nýjum tálum líkt og því að banna samtímaendursögn af skýrslutökum úr þinghaldi er verið að loka á mikilvæga upplýsingaleið til almennings. Fjölmiðlaumhverfið og fjölmiðlaneysla almennings hefur gerbreyst á síðustu árum og kröfur aukist um að upplýsingum sé miðlað hratt, örugglega og ómengað.

Með því að viðhalda banni við hljóðritun og myndatökum í þinghaldi og banna enn fremur samtímaendursögn er gengið lengra í að torvela fjölmiðlum starf sitt en eðlilegt getur talist í upplýstu og opnu samfélagi. Og jafnvel þótt dómara hafi áfram vald til að heimila undanþágur á banninu verður að teljast ólíklegt að sú heimild verði nýtt því tilhneiging dómstóla virðist fremur vera í þá átt að loka fyrir eða þrengja aðgang að þinghaldi og seinka birtingu dóma.

Þá er rétt að benda á að hljóð- og myndupptökur í þinghaldi hafa ekki einungis fréttagildi heldur einnig mikilvægt heimildagildi. Tryggja verður rétt fjölmiðla til að taka myndir (ljósmyndir og myndskaið) í dómshúsum og við upphaf og í hléum réttarhalds. Myndræn framsetning er ómissandi hluti af fréttaf lutningi í nútímasamfélagi. Myndatökur geta líka verið ómissandi heimild þegar kemur að söguritun og söguskoðun. Íslandssagan væri fátækari ef ekki væru t.d. til myndir af sakborningum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í réttarsal. Það mál er áminning um að frekar væri ástæða til að rýmka heimild fjölmiðla til myndatöku, svo sem við dómsuppsögu. Sú breyting sem þetta ákvæði hefið í för með sér gengur þvert gegn þeirri almennu þróun að auka gegnsæi og aðgengi almennings að upplýsingum meðal annars til að fyrirbyggja spillingu og meinbugi hvers konar.

Loks má minna á að þann 16. mars 2018 skipaði forsætisráðherra nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis. Það skýtur því skökku við að á sama tíma og stjórnvöld vilja efla tjáningarfrelsið og frelsi fjölmiðla standi til að hefta möguleika fjölmiðla til að fjalla um dómsmál og málefni dómstóla.

Fréttastofa RÚV leggst því eindregið gegn því að frekari tálmar verði lögfestir á aðgang fjölmiðla að dómstólum eins og gert er í 2. grein frumvarpsins sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Reykjavík, 9.mái 2019.

Virðingarfyllt,

Rakel Þorbergsdóttir  
Fréttastjóri RÚV